

# Sóknaráætlun Vestfjarða - 2020

Greinargerð Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands  
Vestfirðinga um framkvæmd samnings um sóknaráætlun  
Vestfjarða 2020-2024 fyrir árið 2020.

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	<b>3</b>
<b>1. Mat á árangri sóknaráætlunar</b> .....	<b>4</b>
<b>2. Fjárframlög til samningsins</b> .....	<b>5</b>
Tafla 1: Heildarfjárhæð samnings 2020 .....	5
Tafla 2: Ráðstöfun fjárframlaga 2020.....	5
<b>3. Samráðsvettvangur</b> .....	<b>6</b>
Tafla 3: Skipan fulltrúa í samráðsvettvang .....	6
<b>4. Áhersluverkefni</b> .....	<b>7</b>
Tafla 4: Áhersluverkefni 2020 .....	7
Sýnilegri Vestfirðir .....	7
Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar.....	8
Visit Westfjords .....	8
Hringvegur 2.....	8
Samgöngu- og jarðgangaáætlun Vestfjarða .....	8
<b>5. Átaksverkefni á Vestfjörðum vegna Covid-19 – Viðaukasamningur.</b> .....	<b>8</b>
<b>6. Uppbyggingarsjóður</b> .....	<b>10</b>
Úthlutunarnefnd .....	11
Fyrirmyndarverkefni .....	11
Kalksalt .....	11
Sýslið -verkstöð .....	12
Skjaldborg- hátíð íslenskra heimildamynda .....	12
Tafla 5: Upplýsingar um umsóknir / styrki .....	13
Stofn- og rekstrastyrkir .....	13
Stærri styrkir .....	13
Minni styrkir .....	14
Tafla 6: Kyn umsækjenda/ styrkhafa.....	16
Tafla 7: Kyngreind áhrif starfa sem áætlað er að skapist á verkefnatíma .....	16
Tafla 8 a: Atvinnugreinaflokkun umsókna og styrkja .....	17
Tafla 8 b: Atvinnugreinaflokkun umsókna og styrkja .....	18
<b>7. Lokaorð</b> .....	<b>19</b>
<b>Undirritun og staðfesting</b> .....	<b>20</b>
<b>8. Viðauki – leiðbeiningar og skilgreining hugtaka í töflum</b> .....	<b>21</b>

## Inngangur

Ný Sóknaráætlun Vestfjarða fyrir árin 2020-2024 var samþykkt á fundi stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðastofu þann 21. október 2019 og kynnt á 4. haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga sem haldið var á Hólmavík 25-26 október. Vinnan við gerð Sóknaráætlunar stóð yfir frá vordögum 2019 og var mikil áhersla lögð á víðtækt samráð við íbúa og aðra hagaðila. Ætla má að vel á þriðja hundrað manns hafi komið að gerð áætlunarinnar með einum eða öðrum hætti.

Sóknaráætlanir landshluta eru stefnumótandi áætlanir sem taka til starfssvæða landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í þeim koma fram stöðumat viðkomandi landshluta, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Í Sóknaráætlunum landshluta er mælt fyrir um svæðisbundnar áherslur sem taka mið af menningarstefnu og, eftir atvikum, annarri opinberri stefnumótun.

Æskilegt væri að umhverfisráðuneytið nýtti sér Sóknaráætlun með því að setja fjármagn í áætlunina og efla þannig umhverfisverkefni um land allt. Eins og staðan er núna er ekkert fjárhagslegt svigrúm fyrir þesskonar verkefni innan Sóknaráætlunar og er það umhugsunarvert á tímum aukinnar umhverfisvitundar.

Í Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024, er unnið út frá fjórum lykilmálaflokkum og eru sett fram markmið og áhersluatriði í hverjum málaflokki. Flokkarnir eru:

- Atvinnuþróun og nýsköpun
- Samfélagi
- Umhverfi
- Menningu

Sóknaráætlun Vestfjarða er áætlað að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stoðir menningarlífs og auka samkeppnishæfi landshlutans og er það gert með því að setja fjármagn í Uppbyggingarsjóð Vestfjarða og fjármagn í áhersluverkefni ár hvert. Eru þau valin út frá þeim forsendum sem sett eru fram í framtíðarsýn sem kemur fram í áætluninni.

## 1. Mat á árangri sóknaráætlunar

Segja má að árið 2020 hafi verið öðruvísi en öll önnur ár vegna heimsfaraldurs sem hefur litað líf allra það árið. Þrátt fyrir það hefur gengið vel að framfylgja helstu áherslum og markmiðum sóknaráætlunar og markmiðum samningsins, að því marki sem fjárhagsrammi áætlunarinnar gefur tilefni til. Fjárhagsrammi Sóknaráætlunar hefur ekki stækkað í samræmi við verðlagspróun og hefur því í raun rýrnað að verðgildi. Markmið Sóknaráætlunar er að styrkja landsbyggðirnar og ef það markmið á að nást þá er áriðandi að halda styrk Sóknaráætlunar með nægilegu fjármagni.

Vegna þeirra aðstæðna sem sköpuðust vegna Covid19 samþykkti Alþingi 200 milljóna króna aukafjárveitingu til Sóknaráætlana landshlutanna þann 30. mars 2020. Af þeim fjármunum komu 25,2 milljónir í hlut Vestfjarða. Skilyrt var að þeim fjármuninum skyldi varið í verkefni sem væru atvinnuskapandi og/eða stuðluðu að nýsköpun. Auk þeirra fjármuna sem komu frá ríkinu var farið í að endurskilgreina nokkur verkefni og fjármuni sem ekki höfðu nýst hjá Fjórðungssambandi Vestfirðinga.

Á fundi þann 21.04.2020 ákvað stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga að bæta 19,8 milljónum við og auglýsa eftir tillögum að átaksverkefnum vegna Covid19 á Vestfjörðum með 45 milljónum til úthlutunar. Stjórn fól framkvæmdastjóra og starfsmönnum að setja fram tillögu að matsblaði í samráði við stjórn og var úthlutun 12. maí 2020.

Flest verkefnanna sem fengu styrk gengu vel og kláruðust á árinu 2020 þó önnur hefðu ekki gengið eins og best varð á kosið vegna áhrifa samkomutakmarkana tengdum Covid19.

Varðandi Uppbyggingarsjóðinn þá var ljóst að Covid19 hafði áhrif á mörg verkefnanna og náðu sum þeirra ekki fram að ganga þar sem samkomubann var nær allt árið. Eru því margir styrkir með frest til sumarloka 2021.

## 2. Fjárframlög til samningsins

Heildarframlag ríkisins til Sóknaráætlunar Vestfjarða 2020 var kr. 97.848.443,- Samkvæmt samningi Fjórðungssambands Vestfirðinga, Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytis leggja sveitarfélög á Vestfjörðum árlega kr. 9.900.000,- til Sóknaráætlunar Vestfjarða 2020-2024. Framlagið er tilgreint sem áhersluverkefni í menningarmálum og er bundið við stöðugildi menningarfulltrúa. Framlagið er því utan skiptingu grunnframlags sem kemur frá ráðuneytum.

**Tafla 1: Heildarfjárhæð samnings 2020**

	fjárhæðir í kr.
Framlög ríkisins	97,848,443
Viðaukasamningar	25,200,000
Framlög sveitarfélaga	9,900,000
Önnur framlög	19,800,000
Flutt frá fyrra ári	3,100,000
Vaxtatekjur	208,392
<b>Samtals</b>	<b>156,056,835</b>

Til skýringar á töflu 1 skal tekið fram að vaxtatekjur sem færðar eru á árinu 2020 koma til á síðasta degi ársins en þar sem úthlutun var frestað til janúar 2021 var vaxtatekjum ráðstafað í úthlutun ársins 2020.

**Tafla 2: Ráðstöfun fjárframlaga 2020**

	fjárhæðir í kr.
Áhersluverkefni	40,900,000
Uppbyggingarsjóður	42,600,000
Stofn- og rekstrarstyrkir	18,000,000
Viðaukasamningar	45,000,000
Umsýsla	9,556,835
Óráðstafað 2020	
<b>Samtals</b>	<b>156,056,835</b>

Niðurfelldum styrkjum frá fyrri árum var bætt við, samtals kr. 3.100.000,- sem er samanlögð fjárhæð niðurfelldra styrkja 2015-2019 (1.900 þkr) og vaxta ársins 2019 (1.200 þkr) og var henni skipt jafnt niður á styrkflokka.

Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða úthlutaði því alls kr. 18.000.000 kr. í stofn- og rekstrarstyrki á grundvelli umsókna en árið 2019 voru 24,500.000 til úthlutunar í þeim flokki. Mjög mikilvægt er þessi tegund styrkja verði ekki skorin frekar niður. Í stærri styrki var

úthlutað 20.000.000 kr. og minni styrki 22.600.000 kr. Alls var því úthlutað 60.6 mkr. úr Uppbyggingarsjóði.

Framlög ríkisvaldsins til menningarverkefna og uppbyggingar á Vestfjörðum lækkuðu til muna í framhaldi af efnahagshruni 2008 og hafa ekki skilað sér í sama mæli enn var áður til Vestfjarða. Þannig var fjölda verkefna sem tengjast menningararfi og menningartengdri ferðapjónustu á Vestfjörðum hjálpað af stað við umfangsmikla uppbyggingu með beinum framlögum á fjárlögum en því fyrirkomulagi var að meginhluta hætt er leið á annan áratug þessara aldar. Verkefnin voru þannig skilin eftir á köldum klaka og að mestu án stuðnings áður en uppbyggingarferlinu var lokið. Fjármagn til Sóknaráætlana eru lægri en þegar stuðningur kom beint af fjárlögum og áætlunin getur því ekki mætt þessum verkefnum líkt og áður.

### 3. Samráðsvettvangur

Sveitarfélög á Vestfjörðum tilnefndu einn fulltrúa úr sveitarstjórn í samráðsvettvang Sóknaráætlunar og 1-6 einstaklinga innan sín svæðis með þekkingu og áhuga á þeim sviðum sem snerta viðfangsefni sóknaráætlunar, þ.e. nýsköpun og atvinnuþróun, menningu, mannauð . Ekki var gerð krafa um að öll sveitarfélög tilgreindu fulltrúa í alla flokka og sett að viðmiði að 2 til 7 fulltrúar yrðu tilnefndir af hverju sveitarfélagi en sum minni sveitarfélöganna náðu þó ekki því viðmiði.

Nokkrar mannabreytingar hafa orðið frá upphaflegri skipan eins og eðlilegt hlýtur að teljast í svo stórum hópi. Samráðsvettvangur Sóknaráætlunar Vestfjarða samanstendur í dag af 31 einstaklingum úr þeim 9 sveitarfélögum sem eru á Vestfjörðum.

Þar sem aðstæður í samfélaginu buðu ekki upp á annað var notaður rafrænn samráðsvettvangur og notast var við Betra Ísland og stofnaður hópur þar inni sem er ekki sýnilegur öðrum. Fyrirkomulagið virkar vel, en þó þarf enn að vinna að því til að fá fólk til að nota kerfið.

**Tafla 3: Skipan fulltrúa í samráðsvettvang**

Bakgrunnur fulltrúa		Búseta fulltrúa		Aldur fulltrúa		Kyn fulltrúa	
Fulltrúi fyrir	Fjöldi	Sveitarfélag	Fjöldi	Aldursbil	Fjöldi	Karl / Kona	Fjöldi
Atvinnulífið		Strandabyggð		25-39 ára	1	Karlar	1
Atvinnulífið		Vesturb/Tálknaf/Ísaf/Bol/ Súðavík		40-60 ára	4	Karlar	4
Menningarlífið		Vesturb/Bolunarf/Súðavík		25-39 ára	3	Konur	3
Menningarlífið		Strandab/Tálknafj		40-60 ára	2	Konur	2
Fræðasamfélag		Tálknafjörður		25-39 ára	1	Konur	1
Fræðasamfélag		Strandab/Vesturb/Ísafj/Tálknafj		40-60 ára	5	Konur	5
Fræðasamfélag		Súðavíkurreppur		40-60 ára	2	Karlar	2
Kjörnir fulltrúar		Bolungarvík/Reykholahr/Kaldranan		25-39 ára	5	Konur	5
Kjörnir fulltrúar		Bolungarvík		40-60 ára	3	Karlar	3
Kjörnir fulltrúar		Ísafjörður		40-60 ára	4	Konur	4
Kjörnir fulltrúar		Árneshreppur		> 60 ára	1	Kona	1
<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>Samtals</b>	<b>31</b>	<b>Samtals</b>	<b>31</b>

## 4. Áhersluverkefni

Áhersluverkefni eru þróunarverkefni, sem unnin eru af starfsmönnum Vestfjarðastofu eða öðrum einstaklingum eða stofnunum á svæðinu sem hafa gert samning við Vestfjarðastofu um verkefni. Verkefni eru fjármögnuð sem hluti af Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 og skulu áhersluverkefni taka tillit til áherslna og markmiða hennar.

**Tafla 4: Áhersluverkefni 2020**

Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals	Markmið	Tímabil
Sýnilegri Vestfirðir	7,500,000	17,500,000	25,000,000	Viðburðir sem stuðla að auknum sýnileika f. Vestfirði	2020-2022
Nýsköpunar og samfélagsmiðstöðvar	7,000,000	2,000,000	7,000,000	Sjóður fyrir Nýsköpunarö og samfélagsmiðstöðvar á Vestfjörðum	2020-2022
Visit Westfjords	5,500,000	0	5,500,000	Áhersluverkefni í beinni markaðssetningu Vestfjarða sem áfangstað ferðamanna	2020-2022
Hringvegur 2 (Vestfjarðaleiðin)	6,000,000	16,725,000	22,725,000	Þróun ferðaleiðarinnar Vestfjarðaleiðin	2020-2022
Samgöngu- og jarðgangnaáætlun	5,000,000	3,000,000	8,000,000	Gerð verði samgönguáætlun fyrir Vestfirði með skýrri forgangs röðun.	2020

### Sýnilegri Vestfirðir

Verkefnið er til þriggja ára. Verkefnið er hugsað sem framhald verkefnisins „Vestfirðingar – Almannatengsl“ sem var áhersluverkefni árið 2018. Á verkefnatímanum verða haldnir amk. tveir stórir viðburðir á ári til að auka sýnileika svæðisins miðað við tiltekna markhópa. Áherslur verða áfram lagðar á „Vestfirðingar- sögur“ en á árinu 2020 verður sjónum beint að fyrirtækjum á svæðinu. Framsetning og miðlun efnis um Vestfirði skiptir miklu máli og er horft til þess að miðla efni sem hvetur til fjárfestinga á Vestfjörðum. Gera varð breytingu árið 2020 þar sem ekki voru forsendur til að halda stóra viðburði til að auka sýnileika. Því var samið við N4 um þáttagerð um atvinnulíf og samfélag á Vestfjörðum.

### Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar

Stofnaður var sjóður sem Vestfjarðastofa sé um þar sem tíu milljónir voru í boði fyrir nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar á Vestfjörðum. Úthlutun var auglýst á vefsíðu Vestfjarðastofu og vefmiðlum á Vestfjörðum.

### Visit Westfjords

Verkefnið snýr að almennri markaðssetningu Vestfjarða sem áfangastað ferðamanna. Markmið verkefnisins er að sinna beinni erlendri markaðssetningu á vestfirskri ferðapjónustu með vinnustofum, kynningum, blaðamannaferðum og samfélagsmiðlum. Gera þurfti ákveðna breytingu á verkefninu árið 2020 vegna Covid19 þar sem færri blaðamannaferðir voru farnar en áætlað var. Einnig var ferðapjónustudagurinn sem átti að halda haustið 2020 aflýst. Í upphafi árs var Mannamót Markaðsstofa landshlutanna haldið og tóku 14 fyrirtæki á Vestfjörðum þátt. Einnig tók Markaðsstofa Vestfjarða þátt í Mid-Atlantic ferðasýningunni í janúar 2020.

### Hringvegur 2

Árið 2020 var fjárfest í grunni til markaðssetningar, með því að gera myndir og myndbönd sem hægt er að nota í kynningaskyni. Einnig var gerð tímabundin heimasíða en fjárfesta á í heimasíðu sem nota á fyrir verkefnið og mun hún nýta gagnagrunn Ferðamálastofu.

### Samgöngu- og jarðgangaáætlun Vestfjarða

Sumarið 2020 var gögnum safnað varðandi öryggi á vegunum á Vestfjörðum. Verkefnið var kynnt á opnum fundi í nóvember 2020 og síðar fyrir samgöngunefnd FV. Gögn voru send á Vegagerð ríkisins og drög að jarðgangaáætlun fyrir Vestfirði liggur fyrir. Verkefninu lauk ekki árið 2020 en verður lokið fyrri hluta árs 2021.

## **5. Átaksverkefni á Vestfjörðum vegna Covid-19 – Viðaukasamningur.**

Vegna þeirra aðstæðna sem sköpuðust vegna Covid 19 samþykkti Alþingi 200 milljóna króna aukafjárveitingu til Sóknaráætlana landshlutanna þann 30. mars 2020. Af þeim fjármunum komu 25,2 milljónir í hlut Vestfjarða. Skilyrt var að fjármunum skyldi varið í verkefni sem væru atvinnuskapandi og/eða stuðluðu að nýsköpun. Hver landshluti legði áherslu á þær atvinnugreinar sem orðið hafa fyrir mestum neikvæðum afleiðingum vegna Covid-19 faraldursins. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga ákvað auk þess að endurskilgreina nokkur verkefni sem ekki höfðu komist í framkvæmd á síðustu árum og nýta fjármagn þeirra verkefna sem mótframlag. Á fundi stjórnar þann 21. apríl 2020 var ákveðið að veita 19,8 mkr sem mótframlag og ákvæði þess efnis sett í viðaukasamning við samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti, nam því heildarfjármagn 45 mkr.

Samið var við Vestfjarðastofu um framkvæmd úthlutunar. Auglýst var eftir tillögum að átaksverkefnum á vef Vestfjarðastofu og var haft samband við sveitarfélög og samtök fyrirtækja á Vestfjörðum. Alls bárust 62 tillögur með ósk um styrki upp á 400 milljóna króna. Við úrvinnslu tillagna voru eftirfarandi þættir lagðir til grundvallar.

- Verkefni sem gætu haft hratt atvinnuskapandi áhrif en einnig með áherslu á að störf skapist til framtíðar.



- Verkefni sem vektu athygli á Vestfjörðum sem valkosti fyrir ferðalög sumarsins fyrir Íslendinga.
- Verkefni sem hefðu nýsköpunargildi fyrir Vestfirði.
- Verkefni sem nýttust fyrir allt svæðið.

### Verkefni til að efla ferðaþjónustu – heildarframlag kr.21.500.000

- a) Kvikmyndaverkefni - samtals 10. mkr.  
Verkefnið fólst í að kostnaður sem varð til innan Vestfjarða vegna kvikmyndaverkefna var endurgreiddur, s.s. gisting, veitingar o.þ.h. Hámarksstyrkur fyrir hvert verkefni var 5 mkr og hlutu 3 verkefni styrki.
- HG Sæfang – 5 mkr - Verbúðin – leikin sjónvarpsþáttaröð.
  - Silfurskjár - 3 mkr - vegna Sumarljós og svo kemur nóttin – leikin kvikmynd.
  - Glassriver - 2 mkr - vegna Vegferðin - 6 þátta leikin sjónvarpsþáttaröð.
- b) Viðburðardagskrá á Vestfjörðum – samtals 6,5 mkr.  
Þetta verkefni náði ekki fram að ganga vegna Covid en það var unnið út frá hugmyndu um „Gúrmeflakk um Vestfirði“. Tónlistafólk og hljómsveitir áttu að ferðast Vestfjarðahringinn með nokkrum stoppum og bjóða upp á tónleika ásamt einhverskonar matarupplifun. Veitingastaðir, menningarhús og aðrir rekstraraðilar í ferða – og veitingaþjónustu áttu að vera nýttir til að búa til þétt net af viðkomustöðum í ferðinni. Verkefnið tengdist fleiri tillögum um viðburðadagskrár sem sendar voru inn.
- c) Markaðsáttak fyrir ferðaþjónustu – samtals 5 mkr.  
Ný vefsíða og markaðsáttak til að ýta undir komu innlendra ferðamanna á árinu 2020 og nýttist einnig til framtíðar við markaðssetningu á næstu árum.

### Nýsköpun í starfandi fyrirtækjum – heildarframlag kr. 16.000.000

- a) Oddi- 7 mkr. - Verkefnið snerist um að flýta áætluðu tilraunaverkefni í laxavinnslu og réði Oddi sex sumarstarfsmenn sem nú eru orðnir framtíðarstarfsmenn. Verkefnið hafði það að markmiði að ná meiri verðmætum á hvert hráefniskíló af laxi og ná meiri sölu á unninn lax. Verkefninu er lokið og útkoman úr því eru aukin stöðugildi á sunnanverðum Vestfjörðum.
- b) 3X Technology - 7 mkr. Verkefnið fólst í þróun og smíði á tæki til þess að ná nýtanlegri ástandi af þeim hluta laxaflaks sem verður eftir á hryggnum við flökun. Styrkurinn gerði það að verkum að afurðin er komin á framleiðslustig og styrkti stöðu félagsins og bætti starföryggi og verkefnastöðu á svæðinu.
- c) Þörungaklaustur – 2 mkr. – Verkefnið fólst í þróun þörungasafa við Þörungaklaustur á Reykhólum.

### Samstarfsverkefni í orkumálum – heildarframlag kr. 7.500.000

Samstarfsverkefni Landsvirkjunar, Vestfjarðastofu, Fjórðungssambands Vestfirðinga og Orkubús Vestfjarða. Afurð er stofnun félagsins Bláma en skrifað var undir samstarfssamning þann 15. desember 2020.

Meginmarkmið Bláma er að efla nýsköpun og þróun orkuskiptaverkefna. Með orkuskiptum er átt við að auka hlut vistvæns eldsneytis, vetnis og rafeldsneytis í samgöngum og iðnaði. Markmiðið er að ýta undir orku- og loftslagstengda nýsköpun, efla frumkvöðla og styrkja nýsköpunarumhverfið á Vestfjörðum. Ætlunin með Bláma er að leiða saman aðila sem geta unnið saman við það að afla alþjóðlegs fjármagns til tilrauna, rannsókna og þróunar á orku- og loftslagsvænum lausnum. Með nýjum tækifærum og auknu samstarfi á milli fyrirtækja og opinberra aðila er hægt að ýta undir að verkefni og tækifæri sem skapast á svæðinu þróist í átt að hringrásarhagkerfi, þar sem verðmætasköpun úr vannýttu hráefni er aukin, bæði úr því sem er til staðar og því sem verður til vegna nýrra verkefna eða framleiðslu.

## 6. Uppbyggingarsjóður

### Úthlutun

Stjórn Vestfjarðastofu samþykkti á 22. fundi sínum ramma styrkúthlutunar, starfshætti og úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fyrir árið 2020. Sú úthlutun var með umsóknarfrest til 21. nóvember 2019. Umsóknir voru 129 talsins en veitt styrkvilyrði voru 65 og var árangurhlutfall 50%. Heildarupphæð styrkvilyrða var 60.600.000 kr.

### Áherslur ársins 2020

Að jafnaði er litið til verkefna sem efla nýsköpun og atvinnuþróun á svæðinu, stuðla að vöruþróun og hönnun, verkefni sem mynda atvinnutækifæri og auka fagmennsku á sviði lista og menningar, verkefni sem styðja við uppbyggingu og eflingu menningartengdrar ferðaþjónustu og síðast en ekki síst verkefni sem eru gjaldeyrisskapandi.

Við úthlutun til atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna var sérstaklega litið til:

- a) Verkefna sem auka hagnýtingu á stafrænni tækni
- b) Verkefna sem stuðla að vöruþróun, nýsköpun eða innleiðingu hönnunar í starfandi fyrirtækjum.
- c) Verkefni sem efla umhverfisvæna ímynd Vestfjarða, stuðla að sjálfbærni og jákvæðum umhverfisáhrifum
- d) Verkefni sem hyggjast sækja um í alþjóðlega samkeppnissjóði.

Við úthlutun til menningarverkefna verður sérstaklega litið til:

- a) Verkefna sem efla samstarf á milli svæða á Vestfjörðum.
- b) Verkefna sem skapa störf innan skapandi greina.
- c) Verkefna sem efla menningarlega fjölbreytni.

## Úthlutunarnefnd

Í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fyrir árið 2020 sátu:

- Baldur Smári Einarsson, formaður – Bolungarvíkurkaupstað
- Aðalbjörg Sigurvaldadóttir – Strandabyggð
- Ásdís Snót Guðmundsdóttir – Vesturbyggð
- Ásgerður Þorleifsdóttir – Ísafjarðarbær
- Finnur Ólafsson – Kaldrananeshreppi
- Friðbjörg Matthíasdóttir - Vesturbyggð
- Geir Gestson – Vesturbyggð
- Martha Kristín Pálmadóttir – Ísafjarðarbær
- Sigurður Viggósson – Vesturbyggð

Auglýst var eftir umsóknum um styrk úr sjóðnum með því að prenta fjórblöðung sem var dreift inn á öll heimili og fyrirtæki á Vestfjörðum. Umsóknarfrestur var kynntur á samfélagsmiðlum, á vef FV og með vefborða á BB.is.

Starf úthlutunarnefndar fór þannig fram að menningarfulltrúi veitti úthlutunarnefnd lesaðgang að umsóknum. Fulltrúar gáfu hverri umsókn einkunn í 10 liðum. Menningarfulltrúi tók síðan einkunnir allra nefndarmanna saman og var þá komin gróf heildarmynd á uppröðun umsókna sem lögð var til grundvallar í umfjöllun nefndarinnar. Haldnir voru tveir fjarfundir og tveir staðfundir. Seinka varð úthlutun í desember vegna veðurs og varð lokafundur Úthlutunarnefndar haldinn þann 21. janúar 2020.

Samþykkt var að veita 65 umsóknum með styrkvilyrði upp á 60,6 mkr. alls. Úthlutað var 18 mkr. í stofn- og rekstrarstyrki, 20 mkr. í stærri verkefni (styrkir yfir 1,5 mkr) og 22,6 mkr fór í úthlutun á minni styrki (styrkir allt að 1,5 mkr. )

## Fyrirmyndarverkefni

### Kalksalt



Nýsköpunarfyrirtæki sem nýtir umframsalt frá fiskvinnslum og er eina íslenska fyrirtækið sem framleiðir bætiefnafötur fyrir búfénað. Vöruhönnun á steypumótum fyrir kalksaltsteina, hönnun útlits á nýjar og eldri vörur Kalksalts og markaðssetning á hvoru tveggja.

### Aldrei fór ég suður

Ísfrisk tónlistarhátíð fyrir alla fjölskylduna, þar sem fremsta tónlistarfólk landsins kemur fram í bland við heima fólk. Hátíðin var haldin rafrænt strax í upphafi heimsfaraldurs og er hægt að segja að forsvarsmenn hátíðarinnar hafi í raun verið frumkvöðlar í því að halda tónlistarveislu rafrænt á Íslandi en hún var haldin 10. og 11. apríl 2020.



## Sýslið -verkstöð



Sýslið verkstöð er klæðskerasaumuð lausn sem býður upp á fjölbætta þjónustu sem hefur skort á svæðinu. Sýslið verkstöð er rekið sem einkahlutafélag Ástu Þórisdóttur og Svans Kristjánssonar. Verkefnið getur haft jákvæð áhrif á skapandi starf á svæðinu með fjölbreytilegri og vel útbúinni aðstöðu og rými fyrir hönnuði og listafólk sem munu auðga starfsemina og menningarlíf á svæðinu með sýningum og viðburðum. Sýslið verkstöð sér einnig um vefinn [www.strandir.is](http://www.strandir.is).

## Skjaldborg- hátíð íslenskra heimildamynda

Skjaldborg hefur verið haldin síðan árið 2007. Skjaldborg frumsýnir íslenskar heimildamyndir, skoðar heimildamyndagerð á heimsvísu og skapar umræðu- og þróunarvettvang fyrir verkefni, leikstjóra og áhugafólk á Íslandi. Hátíðin er eini sérhæfði vettvangurinn fyrir íslenskar heimildamyndir hér á landi og má segja að Skjaldborgarbíó á Patreksfirði sé orðið heimili íslenskra heimildamynda enda hjálpar umhverfið og fólk á staðnum við að skapa aðstæður sem mynda einstaka stemningu. Vegna aðstæðna var hátíðin haldin í Bíó Paradís í 18-20 september 2020.



## **Umsóknir og styrkir**

Fjöldi umsókna árið 2020 var 129 og hlutu 65 af þeim styrki og var árangurshlutfall þeirra sem sóttu um því 50.4%. Hlutfall á milli kvenna og karla er mjög jafnt en áhugavert er að sjá að konur sóttu um hærri upphæðir en karlar þetta árið. (sjá töflu 6 og 7 fyrir neðan).

Rafræn umsóknargátt landhlutana [soknaraetlun.is](http://soknaraetlun.is) hefur skilað betri og vandaðri umsóknum og þeim umsóknum sem hafa ekki hlotið brautargengi vegna formgalla hefur fækkað verulega. Hins vegar er þörf á að vinna meira í henni og má segja að hún sé aðeins hálfkláruð og er áriðandi að finna fjármagn til að ljúka gerð gáttarinnar. Aðeins er hægt að vinna umsóknir í gáttinni en ekki er hægt að merkja hvert verkefnið er komið eða hvort því er lokið. Það myndi klárlega minnka vinnu starfsmanna Uppbyggingarsjóðs um allt land, auðvelda úrvinnslu gagna, einfalda ut anumhald og skipulag fyrir umsækjendur og auka hagræði í stjórnsýslunni.

**Tafla 5: Upplýsingar um umsóknir / styrki**

Umsóknir	
Fjöldi umsókna	129
Heildarfjárhæð sem sótt var um	315,743,462
Veittir styrkir	
Fjöldi styrkja	65
Árangurshlutfall umsókna	50.4%
Heildarupphæð styrkja	60,600,000
Fjöldi styrkja undir 500 þús.	23
Fjöldi styrkja milli 500 þús til 2,5 m.kr.	39
Fjöldi styrkja hærrí en 2,5 m.kr.	3
Áætlaður fjöldi ársverka	134.47

### Stofn- og rekstrastykir

Stofn- og rekstrarstyrkur fyrir Skrímslasetrið	Félag áhugamanna um stofnun Skrímslaseturs	3,000,000
Rekstur Edinborgarhússins ehf.	Edinborgarhúsið ehf	3,000,000
Rekstrarstyrkur fyrir Strandagaldur ses	Strandagaldur ses.	3,000,000
Rekstrarstyrkur	Melrakkasetur Íslands ehf.	2,000,000
Sauðfjársetur á Ströndum - rekstur og uppbygging	Sauðfjársetur á Ströndum ses	2,000,000
Hversdagssafn - museum of everyday life	Skóbúðin- Hversdagssafn ehf.	1,250,000
Kómedíuleikhúsið	Kómedíuleikhúsið, áhugamannfélag	1,250,000
Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf	Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf.	1,250,000
Listasafn og kirkja Samúels	Félag um listasafn Samúels	1,250,000
	<b>Samtals stofn og rekstrastykir</b>	<b>18,000,000</b>

### Stærri styrkir

Act alone leik- og listahátíð	Act alone, félagasamtök	2,000,000
Náttúrubarnahátíð og náttúrubarnaskóli	Sauðfjársetur á Ströndum ses	2,000,000
Vestfirska þjóðtrúarfléttan	Háskóli Íslands	2,000,000
Aldrei fór ég suður	Kristján Freyr Halldórsson	2,000,000

Menningarviðburðir í Edinborgarhúsinu árið 2020	Edinborgarhúsið ehf	2,000,000
Sjávarböð á Reykhólum - heilsulind	Sjávarsmiðjan ehf.	2,000,000
Vésteinn siglir	Ketill Berg Magnússon	1,600,000
Djúpið, frumkvöðlaskjól.	Gunnar Ólafsson	1,600,000
Skjaldborg - hátíð íslenskra heimildamynda	Heimildarmyndahátíðin Skjaldborg	1,600,000
Startup Westfjords '20 Nýsköpunarhraðall	Samfélagsmiðstöðin á Þingeyri ses.	1,600,000
Tónlist út í Náttúrunni	Örn Elías Guðmundsson	1,600,000
	<b>Samtals stærri styrkir</b>	<b>20,000,000</b>

### Minni styrkir

Blús milli fjalls og fjöru.	Blús milli fjalls og fjöru, félagasamtök	1,000,000
Iceland Comedy Film Festival 2020	GamanGaman, félagasamtök	1,000,000
Efling samfélags og vöruþróunar í Kaldrananeshreppi	Gunnar Jóhannsson	1,000,000
Dellusafnið	Dellusafnið ehf.	1,000,000
Fersklús: Aðferð og búnaður til að aflúsa með ferskvatni	Náttúrustofa Vestfjarða	1,000,000
Sýslið - Verkstöð, Miðstöð skapandi greina á Hólmavík	Ásta Þórisdóttir	1,000,000
ALGAE NÁTTÚRA vörur frá Reykhólum í Breiðafirði	Sjávarsmiðjan ehf.	1,000,000
Eldey Aqua	Exoco ehf.	1,000,000
Tónleikadagskrá Vagnsins 2020 - Tónleikaröð	Sindri Páll Kjartansson	600,000
Áframræktun á Hörpudisk í Ísafjarðardjúpi	VISTUM ehf.	600,000
Ímyndarsköpun með hönnun og viðmóti	Þörungaklaustur ehf.	500,000
Uppsetning og viðburðir í Leiklistarmiðstöð	Kómedíuleikhúsið, áhugamannafélag	500,000
Þróun hentugar safapressu	Þörungaklaustur ehf.	500,000
Tónlistarhátíðin Miðnætursól	Selvadore Raehni	500,000
Media for the Tank.	Wouter Van Hoeymissen	500,000
Samfélags gestavinnustofur í HÚSINU-Creative Space	Sköpunarhúsið 72 ehf.	500,000
Nýjar vörur frá Kalksalti ehf.	Kalksalt ehf	500,000
Skúlptúraslóð á Hólmavík	Fjöl móður - Fróðskaparfélag á Ströndum	500,000

Birdspot v2	Cristian Gallo	500,000
Kræklingur sem skyndibiti - markaðskynning	Hrafnadalur ehf.	500,000
Tungumálatöfrar	Vaida Braziunaité	500,000
Alþjóðlegar gestavinnustofur ArtsIceland og Gallerí Úthverfa	Kol og salt ehf	500,000
Gísla saga víkingaviðburðir og námskeið	Marsibil G Kristjánsdóttir	400,000
The Factory	Hótel Djúpavík ehf	400,000
Ræktun grænmetis og sumarblóma á Barðaströnd	Sóley J. Einarsdóttir	400,000
Menningardagskrá Gömlu Bókabúðarinnar á Flateyri	Verslunin Bræðurnir Eyjólfsson ehf.	400,000
Dísa Ljósálfur	Íþróttafélagið Höfrungur	400,000
Svæðisbundna minjagripasmiðan	Sauðfjársetur á Ströndum ses	400,000
GilsfjorderArts	Össusetur Íslands ehf.	400,000
Grænt og vænt - handverk í heimabyggð	Kristín Þórunn Helgadóttir	400,000
Hörmungardagar	Fjölmodoður - Fróðskaparfélag á Ströndum	400,000
Fræ til framtíðar.	Gunnar Ólafsson	400,000
Sumarskóli í vistvænum arkitektúr 2020	Stofnun Rögnvaldar Á Ólafssonar	400,000
Uppsetning leikrits (í samstarfi við grunnskóla)	Leikfélag Hólmavíkur	400,000
Umbúðalaus verslun á Ísafirði	Heimabyggð ehf.	400,000
Leikrit í fullri lengd - Haustverk	Leikfélag Hólmavíkur	400,000
Netskráning.is	Birgir Þór Halldórsson	200,000
210 ára afmælistónleikar F.Chopin	Fryderic Chopin Tónlistarfélagið á Íslandi	200,000
Tónleikaröð Tónlistarfélags Ísafjarðar	Tónlistarfélag Ísafjarðar	200,000
Hin saklausa skemmtun	Potemkin ehf	200,000
ÚTILIST hátíð fyrir alla!	Elín Agla Briem	200,000
Lítill saga úr orgelhúsi	Ísafjarðarkirkja	200,000
Viðburðir og miðlun norðan Djúps	Sögumiðlun ehf	200,000
Eysteinseyri - Fullnýting matvæla	Freyja Magnúsdóttir	200,000
Aðgengi og merkingar á Minjasafni Egils Ólafssonar	Minjasafn Egils Ólafssonar	200,000
	<b>Samtals minni styrkir</b>	<b>22,600,000</b>

**Tafla 6: Kyn umsækjenda/ styrkhafa**

Umsóknir	Karlar	Konur	Samtals
Fjöldi umsókna	65	64	129
Fjöldi umsókna (%)	50%	50%	100%
Heildarupphæð umsókn	82,285,432	233,458,030	315,743,462
Meðalupphæð umsókna	1,265,930	3,647,782	2,447,624
<b>Veittir styrkir</b>			
Fjöldi umsókna	35	30	65
Fjöldi styrkja (%)	54%	46%	100%
Heildarupphæð styrkja	37,500,000	23,100,000	60,600,000
Meðalupphæð styrkja	1,071,429	770,000	932,308

**Tafla 7. Kyngreind áhrif starfa sem áætlað er að skapist á verkefnatíma**

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
<b>Umsóknir</b>						
Fjöldi umsókna	3	16	78	19	13	129
Fjöldi umsókna (%)	2.3%	12.4%	60.5%	14.7%	10.1%	100.0%
Heildarupphæð umsókna	4,625,000	33,485,824	214,508,972	45,291,172	17,832,494	315,743,462
Meðalfjárhæð umsókna	1,541,667	2,092,864	2,750,115	2,383,746	1,371,730	2,447,624
<b>Veittir styrkir</b>						
Fjöldi styrkja	1	6	42	13	3	65
Fjöldi styrkja (%)	1.5%	9.2%	64.6%	20.0%	4.6%	100.0%
Heildarupphæð styrkja	600,000	4,800,000	41,300,000	11,300,000	2,600,000	60,600,000
Meðalfjárhæð styrkja	600,000	800,000	983,333	869,231	866,667	932,308



**Tafla 8 a: Atvinnugreinaflokkun umsókna og styrkja**

Atvinnugreinaflokkun	Fjöldi	Heildarfjárhæð	Meðalfjárhæð
<b>Umsóknir</b>			
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Annað	3	6,485,100	2,161,700
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Ferðaþjónusta	14	40,511,000	2,893,643
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Iðnaður	6	11,380,424	1,896,737
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Landbúnaður	2	10,092,500	5,046,250
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Matvæli	9	27,987,822	3,109,758
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Rannsóknir/Þróun/Fræðsla	11	29,371,240	2,670,113
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Skapandi greinar	3	7,000,000	2,333,333
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Verslun/Þjónusta	2	1,250,000	625,000
Menningarstyrkur - Annað	3	7,468,000	2,489,333
Menningarstyrkur - Blönduð menningardagskrá	10	11,772,442	1,177,244
Menningarstyrkur - Bókmenntir/Fræðirit/Margmiðlun	3	2,262,494	754,165
Menningarstyrkur - Danslist	0	0	0
Menningarstyrkur - Fræðsla/Námskeið	4	2,750,000	687,500
Menningarstyrkur - Kvikmyndalist	4	9,332,500	2,333,125
Menningarstyrkur - Leiklist og aðrar sviðslistir	5	6,225,000	1,245,000
Menningarstyrkur - Listhönnun	1	2,726,048	2,726,048
Menningarstyrkur - Málþing/Ráðstefnur	1	1,200,000	1,200,000
Menningarstyrkur - Menningararfur/Safnamál	3	8,335,250	2,778,417
Menningarstyrkur - Menningartengd ferðaþjónusta	9	11,072,142	1,230,238
Menningarstyrkur - Myndlist/Ljósmyndalist	7	5,872,500	838,929
Menningarstyrkur - Tónlist	13	15,449,000	1,188,385
Óskilgreint - Óskilgreint			0
Stofn- og rekstrarstyrkur á sviði menningar – Ath. einungis fyrir lögaðila - Rekstrarstyrkur	10	55,600,000	5,560,000
Stofn- og rekstrarstyrkur á sviði menningar – Ath. einungis fyrir lögaðila - Stofn-og rekstrarstyrkur	6	41,600,000	6,933,333
Stofn- og rekstrarstyrkur á sviði menningar – Ath. einungis fyrir lögaðila - Stofnstyrkur			0
			0
<b>Samtals</b>	<b>129</b>	<b>315,743,462</b>	<b>2,447,624</b>

**Tafla 8 b: Atvinnugreinaflokkun umsókna og styrkja**

Atvinnugreinaflokkun	Fjöldi	Heildarfjárhæð	Meðalfjárhæð
<b>Veittir styrkir</b>			
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Annað	1	1,000,000	1,000,000
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Ferðaþjónusta	3	2,800,000	933,333
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Iðnaður	2	1,000,000	500,000
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Landbúnaður	2	1,400,000	700,000
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Matvæli	2	700,000	350,000
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Rannsóknir/Þróun/Fræðsla	8	6,600,000	825,000
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Skapandi greinar	2	3,000,000	1,500,000
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Verslun/Þjónusta	2	600,000	300,000
Menningarstyrkur - Annað	1	2,000,000	2,000,000
Menningarstyrkur - Blönduð menningardagskrá	4	3,100,000	775,000
Menningarstyrkur - Bókmenntir/Fræðirit/Margmiðlun	1	400,000	400,000
Menningarstyrkur - Danslist	0	0	0
Menningarstyrkur - Fræðsla/Námskeið	1	400,000	400,000
Menningarstyrkur - Kvikmyndalist	3	3,100,000	1,033,333
Menningarstyrkur - Leiklist og aðrar sviðslistir	5	3,700,000	740,000
Menningarstyrkur - Listhönnun	1	500,000	500,000
Menningarstyrkur - Málþing/Ráðstefnur	1	200,000	200,000
Menningarstyrkur - Menningararfur/Safnamál			0
Menningarstyrkur - Menningartengd ferðaþjónusta	4	1,300,000	325,000
Menningarstyrkur - Myndlist/Ljósmyndalist	1	400,000	400,000
Menningarstyrkur - Tónlist	8	6,300,000	787,500
Óskilgreint - Óskilgreint			0
Stofn- og rekstrarstyrkur á sviði menningar – Ath. einungis fyrir lögaðila - Rekstrarstyrkur	8	13,500,000	1,687,500
Stofn- og rekstrarstyrkur á sviði menningar – Ath. einungis fyrir lögaðila - Stofn-og rekstrarstyrkur	5	8,600,000	1,720,000
Stofn- og rekstrarstyrkur á sviði menningar – Ath. einungis fyrir lögaðila - Stofnstyrkur			
<b>Samtals</b>	<b>65</b>	<b>60,600,000</b>	<b>932,308</b>

## 7. Lokaorð

Það er ljóst að hin nýja umsóknargátt hefur skilað betri og vandaðri umsóknum og fækkað þeim umsóknum sem dæmast úr leik vegna formgalla og annara vankanta. Vinna við gerð umsóknargáttarinnar er þó aðeins rúmlega hálfnuð og er áriðandi að finna fjármagn til að klára gerð gáttarinnar. Slíkt myndi minnka vinnu starfsmanna Uppbyggingarsjóðs um allt land, auðvelda úrvinnslu gagna, auðvelda utanumhald og skipulag fyrir umsækjanda og auka hagræði í stjórnsýslunni.

Heildarupphæð sem er til úthlutunar úr Uppbyggingarsjóði hefur staðið í stað eða dregist saman frá því Sóknaráætlanir voru settar á laggirnar. Er það bagalegt á sama tíma sem segja má að aðferðafræði Sóknaráætlunar þykir hafa heppnast vel og ljóst að þessi aðferð á dreifingu fjármagns hefur gefið góða raun. Það er því afar brýnt að auka fjármagn í Sóknaráætlun og þar með efla Uppbyggingarsjóðinn og um leið efla landshlutana.

Á tímum aukinnar umhverfisvitundar væri mjög æskilegt að fá Umhverfisráðuneytið til að nýta sér farveg Sóknaráætlunar, leggja fjármagn til úthlutunar og hvetja þannig frumkvöðla og fyrirtæki um land allt til að efna til verkefna á sviði umhverfisverndar. Einnig gæti þannig verið áhrifaríkt að umhverfisþættir hefðu vægi í matsgjöf verkefna, hvort sem um er að ræða nýsköpunar-, menningar- eða hrein umhverfisverkefni.

## Undirritun og staðfesting

Hér með er þessi greinargerð lögð fram og staðfest að allar upplýsingar eru gefnar af bestu vitund um nákvæmni, áreiðanleika og réttmæti.

Ísafirði og Hólmavík, 3 maí. 2021

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri

Lína Björg Tryggvadóttir, verkefnisstjóri

Skúli Gautason, menningarfulltrúi

## 8. Viðauki – leiðbeiningar og skilgreining hugtaka í töflum

### Tafla 1. Heildarupphæð samnings

*Framlög ríkisins:* Heildarframlög ríkisins til samningsins (grunnframlög frá ANR og MMR).

*Viðaukasamningar:* Framlög sem koma sem viðaukar við samninginn, ef við á.

*Framlög sveitarfélaga:* Heildarframlög sveitarfélaga til samningsins.

*Önnur framlög:* Önnur framlög til samningsins, ef við á.

*Flutt frá fyrra ári:* Fjármunir sem ekki var ráðstafað árið 2016 (þ.m.t. styrkir sem féllu niður) og flutt yfir á árið 2017, ef við á.

*Vaxtatekjur:* Vaxtatekjur fjármuna samningsins árið 2017 (sbr. ákvæði samningsins).

*Heildarupphæð:* Samtala ofangreindra upplýsinga. Þessi tala á að vera sú sama og samtalan í töflu 2.

### Tafla 2. Ráðstöfun fjárframlaga 2017

*Áhersluverkefni:* Heildarupphæð sem ráðstafað var til áhersluverkefna.

*Uppbyggingarsjóður:* Heildarupphæð sem ráðstafað var til uppbyggingarsjóðs.

*Stofn- og rekstrarstyrkir:* Heildarupphæð sem ráðstafað var til stofn- og rekstrarverkefna, ef við á.

*Viðaukasamningar:* Heildarupphæð viðaukasamninga, ef við á.

*Umsýsla:* Heildarupphæð sem ráðstafað var í umsýslu með samningnum.

*Óráðstafað 2017:* Heildarupphæð sem ekki var ráðstafað árið 2017, ef við á. Stefnt skal að því að ráðstafa öllu framlagi hvers ár innan ársins.

Samtalan í töflu 2 á að vera sama samtalan í töflu 1.

### Tafla 3. Samráðsvettvangur

*Bakgrunnur fulltrúa:* Fjöldi fulltrúa úr hverjum "geira". Hver einstaklingur aðeins talinn einu sinni. „Kjörnir fulltrúar“ eru þeir sem eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórnnum.

*Búseta fulltrúa:* Fylla skal út í línurnar með heitum allra sveitarfélaga í landshlutanum og fjölda fulltrúa frá hverju þeirra, hvort sem sveitarfélagið á fulltrúa í samráðsvettvangnum eður ei.

*Aldur fulltrúa:* Fjöldi fulltrúa sem er yngri en 25 ára, fjöldi sem eru á bilinu 25-39 ára, fjöldi sem eru á bilinu 40-60 ára og fjöldi sem eru eldri en 60 ára.

*Kyn fulltrúa:* Heildarfjöldi karla annars vegar og heildarfjöldi kvenna hins vegar.

Samtölurnar í öllum dálkum töflu 3 eiga að vera þær sömu.

### Tafla 4. Áhersluverkefni

*Heiti verkefnis:* Þarfnast ekki skýringa.

*Framlag úr sóknaráætlun:* Þarfnast ekki skýringa.

*Mótframlag:* Heildarmótframlag til verkefnisins á árinu, ef við á. Athugið að hér er eingöngu átt við fjármuni, ekki vinnuframlag.

*Framkvæmdaraðili:* Þarfnast ekki skýringa.

*Markmið:* Stutt og hnitmiðað. Ein til þrjár setningar um markmið verkefnis.

*Lokaafurð:* Hver er (áætluð) lokaafurð (árangur) verkefnis. Ekki meira en ein stutt setning.

*Verkefnatími:* Hvenær hófst verkefnið og hvenær eru áætluð verklok / hvenær lauk verkefninu.

### Tafla 5. Umsóknir / styrkir

Tafla 5 er tvískipt. Annars vegar er beðið um upplýsingar um umsóknir og hins vegar er beðið um upplýsingar um styrkúthlutanir.

*Fjöldi umsókna:* Heildarfjöldi umsókna í uppbyggingarsjóð á árinu.

*Heildarupphæð sem sótt var um:* Samanlögð upphæð allra umsókna á árinu.

*Fjöldi styrkja:* Heildarfjöldi styrkja úr uppbyggingarsjóði á árinu.

*Árangurshlutfall umsókna:* Heildarfjöldi styrkja deilt með heildarfjölda umsókna.

*Heildarupphæð styrkja:* Heildarupphæð sem úthlutað var úr uppbyggingarsjóði á árinu.

*Fjöldi verkefna undir 500 þús.: Þarfnast ekki skýringar.*

*Fjöldi verkefna milli 500 þús til 2,5 m.kr.: Þarfnast ekki skýringar.*

*Fjöldi verkefna hærrí en 2,5 m.kr.: Þarfnast ekki skýringar.*

*Áætlaður fjöldi ársverka:* Umsækjandi þarf að láta landshlutasamtökunum þessar upplýsingar í té. Eingöngu er átt við störf sem skapast á verkefnatímanum og greitt er fyrir, hvort heldur sem er með styrknum sjálfum eða með mótframlagi. Eitt ársverk eru 2.080 klukkutímar eða 12 x 173,3 klst (mannmánuður). Ef vinnuframlag í einu verkefni eru tveir mann mánuðir þá er áætlaður fjöldi ársverka 0,17 (þ.e.  $173,3 \times 2 = 346,7$  klst. deilt með 2080 = 0,17), ef vinnuframlagið er hálf ár, þá er það hálf ársverk ( $2080/2 = 1040$  klst. deilt með 2080 klst. = 0,5).

#### **Tafla 6. Kyn umsækjenda / styrkhafa**

Kyn umsækjenda / styrkhafa er flokkað eftir kyni forsvarsmanns umsóknar/verkefnisstjóra. Þetta á einnig við um opinbera aðila.

#### **Tafla 7. Kyngreining starfa sem skapast**

Ef umsækjandi áætla að verkefnið hafi í för með sér sköpun starfa á verkefnatímanum þá þarf hann að áætla hvort það séu kynbundin störf eða ekki. Hér er beðið um upplýsingar um hvort verkefni sem að áætlað er að skapi störf á verkefnatímanum séu nær eingöngu karlastörf, fleiri karlastörf en kvennastörf o.s.frv. Hér er ekki beðið um fjölda ársverka.

Hér er átt við upplýsingar úr samningum (ef breyting er frá umsókn).

Athugið að upplýsingar í þessari töflu geta ekki verið annað en matskenndar og huglægar.

#### **Tafla 8. Atvinnugreinaflokkun**

Tafla 8 er tvískipt. Annars vegar er beðið um upplýsingar tengdum umsóknum og hins vegar er beðið um upplýsingar tengdum styrkúthlutunum

Nota ISAT 2008 flokkunina og greina niður á tvo tölustafi – sjá flettilista í dálki A í excel skjalinu.